



252. Stjórnarfundur haldinn 1. sept. 2005 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Svarbréf frá UMFÍ/ fræðslusjóði v/umsóknar um styrk fyrir tvo þjálfara barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar. Umsókninni vísað frá, þar sem hún uppfyllti ekki reglur sjóðsins um styrki.

Bréf frá körfuknattleiksdeild v/heimildar til yfirdráttar vegna tryggingargjalds sem deildin þarf að setja fram vegna þátttöku í evrópukeppni sem er átta hundruð þúsund krónur, en tryggingargjaldið verður endurgreitt að lokinni keppni ef liðið fer eftir settum reglum FIBA. Bréfið var tekið fyrir fyrir í sumar og deildinni heimilað að taka yfirdrátt. Framkvæmdastjóri félagsins sendi erindi þess efnis til Landsbanka Íslands Keflavíkurútibúi.

Þakkarbréf frá knattspyrnudeildinni vegna aðstoðar við framkvæmd á evrópuleikjum deildarinnar í sumar.

Tölvupóstur frá UMFÍ þar sem boðað er til sambandsþings UMFÍ 22. til 23. okt. á Hótel Héraði Egilstöðum.

Tölvupóstur frá UMFÍ þar sem boðað er til 15. stjórnarfundar en fundurinn er haldinn í Heydal í Mjóafirði.

3. Send bréf.

Bréf sent til Landsbanka Íslands Keflavíkurútibú v/ yfirdráttar körfuknattleiksdeildar Keflavíkur.

Bréf sent til fræðslusjóðs UMFÍ v/ styrk fyrir Kristinn Óskarsson körfuknattleiksdómara en hann er að fara á námskeið á Kanarý-eyjum.

4. 44. sambandsþing UMFÍ 22. – 23. okt. 2005.

44. sambandsþing UMFÍ 22. 23. okt 2005 á Egilstöðum. Einar H. lagði til að stjórnarmenn aðalstjórnar færu á þingið. Stjórnarmenn kanni með möguleika á að gefa kost á sér sem þingfulltrúar.

5. Íþrótt- og leikjaskóli Keflavíkur 2005.

Einar H. kynnti skýrslu íþrótt- og leikjaskóla, en hann skilað henni til MÍT 31. ágúst. Skýrslan er á netinu ásamt myndum. Skólinn gekk vel og verð aukning á milli ára, en nú var starfræktur einn íþrótt- og leikjaskóli í bæjarfélaginu og kann aukningin vera þess vegna. Stjórnarmenn lýstu yfir ánægju sinni með hvernig til tókst.





6. 17. júní 2005.

Það er mat aðalstjórnar að vel hafi tekist til með dagskrá 17. júní 2005. Einar H. er búinn að skila inn skýrslu til MÍT.

7. Unglingalandsmót UMFÍ Vík í Mýrdal '05.

Fjölgun var á þátttakendum frá félaginu. 19 keppendur kepptu fyrir hönd Keflavíkur í sundi, körfu liðakeppni, fitnes, knattspyrnu einstaklingskeppni, frjálsum og golfi. Árangur okkar fólks var mjög góður.

8. Formannafundur.

Ákveðið að boða til formannafundar 12 sept. '05 kl. 20:00 í félagsheimili okkar.

9. Önnur mál.

Körfuknattleiksdeild Keflavíkur hélt auka aðalfund 7. júlí '05 og var ný stjórn kosin. Nokkrar breytingar voru gerðar á stjórn deildarinnar. Birgir Már Bragason var kosinn formaður og tekur við að Hermanni Helgasyni sem var formaður á síðasta tímabili. Kristján Guðlaugsson tekur við Særúnu Guðjónsdóttir sem gjaldkeri. Í aðalstjórn bætist við nýr maður, Grétar Ólafsson. Grétar var lengi í stjórn knattspyrnudeildar og er því með mikla reynslu af stjórnarstörfum.

Framkvæmdarstjóri lagði fram tímaúthlutunarplan í íþróttamannvirkjum í Heiðarskóla, Myllubakka og Sunnubrautinni. Búið er að láta deildir og íþróttahús hafa eintök af planinu.

Framkvæmdastjóra falið að senda MÍT bréf vegna tímanotkun kennara í íþróttahúsi við Sunnubraut. Óskað verði eftir því að skipt verði á tímum við yngri iðkendur í körfu sem er í anda þeirra stefnu sem bæjaryfirvöld vilja hafa vegna yngri barna.

Framkvæmdastjóra falið að kaupa nýja tölvu í fundarherbergið.

Húsagerðin hefur greitt félaginu fyrir byggingarréttin að Heiðarenda 2, 4, 6 og 8 og inni falið í því eru gatnagerðagjöldin.

Ákveðið að formaður, varaformaður og gjaldkeri félagsins fari á fund formanns og gjaldkera knattspyrnudeildar og ræði um stöðu deildarinnar.

Framkvæmdastjóra falið að taka inn enska boltann frá Símanum í félagsaðstöðu okkar.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 20:00.

